



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

**BLAÐAMANNAFUNDUR
Í KELDUSKÓLA – VÍK
Í DAG KL. 10:30**

FORVARNARDAGURINN 2017 VERÐUR 4. OKTÓBER

STÓRLEGA MINNKUÐ ÁFENGISNOTKUN UNGLINGA

NÝIR ÁRGANGAR Í FRAMHALDSSKÓLUM STANDA SIG VEL

Í dag, mánudaginn, 2. október 2017 kl. 10:30, verður haldinn kynningar- og blaðamannafundur í Kelduskóla – Vík um Forvarnardaginn 2017. Á fundinn mæta auk forseta Íslands, borgarstjóri og fulltrúar þeirra samtaka og bakhjarla sem að deginum standa sem og skólastjóri og nokkrir unglingar úr Kelduskóla – Vík en þessi nýi skóli er við Hamravík í Víkurhverfi í Reykjavík.

Forvarnardagurinn er haldinn á hverju hausti í því sem næst öllum grunnskólum landsins og er beint sérstaklega að unglingum í 9. bekk en einnig taka fjölmargir framhaldsskólar þátt í þessu verkefni. Að deginum standa forseti Íslands, Reykjavíkurborg, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Skátarnir, Ungmennafélag Íslands, Félag framhaldsskóla, Rannsóknir og greining og Samband íslenskra sveitarfélaga en Actavis er bakhjarl verkefnisins.

Með fundinum á mánudaginn verður Forvarnardagurinn kynntur en hann er nú haldinn í tólfta sinn í grunnskólum landsins og í sjöunda sinn í

framhaldsskólum. Á fundinn munu mæta Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, forsvarsmenn fjöldahreyfinganna og Valur Ragnarsson, forstjóri Medis og forsvarsmaður Actavis á Íslandi.

FORVARNARDAGURINN 2017: VIÐFANGSEFNI OG FRAMKVÆMD

Miðvikudaginn 4. október verður Forvarnardagurinn 2017 haldinn í skólum landsins og þá munu forseti Íslands, borgarstjóri, forsvarsmenn fjöldahreyfinganna og aðrir fulltrúar þeirra, sem að deginum standa, heimsækja skóla víða um land og ræða við nemendur um vandamál og hættur sem fylgja áfengis- og vímuefnaneyslu. Rannsóknir sýna, svo ekki verður um villst, að *samvera með foreldrum og fjölskyldu*, og *þátttaka í skipulegu frístundastarfi* er áberandi meðal þeirra ungmenna sem best gengur að sniðganga áfengi og fíkniefni. Fyrir liggur að þeir sem byrja mjög ungir að nota fíkniefni eru í margfalt meiri hættu en hinir sem draga það fram um tvítugt að prófa þau en gæfulegast er auðvitað að sleppa því alveg.

Á Forvarnardaginn ræða nemendur í skólunum um hugmyndir sínar og tillögur um æskulýðs- og íþróttastarf, fjölskyldulíf og hvaðeina sem eflt getur forvarnir. Hugmyndirnar eru svo teknar saman og settar í skýrslu sem birt er á vefsíðu dagsins, www.forvarnardagur.is. Þá gefst nemendum kostur á að taka þátt í ratleik á vefsíðum íþrótt- og ungmennasamtaka og eru þar verðlaun í boði. Upplýsingar um daginn eru einnig aðgengilegar á Fésbók (www.facebook.com/forvarnardagur).

MINNKANDI NOTKUN ÍSLENSKRA UNGLINGA Á ÁFENGI OG FÍKNIEFNUM

Íslenskir unglingar hafa náð frábærum árangri í baráttunni við áfengi og fíkniefni. Sem dæmi má nefna að fyrir 20 árum sögðust 42% unglinga í 10. bekk hafa notað áfengi síðustu 30 daga en fyrra var sú tala komin í 6%.

Öll vitum við að enn verða margir fíkniefnum að bráð og vandinn er langt frá því að vera leystur en það er þó ástæða til að fagna þessum frábæra árangri sem náðst hefur.

Eftirfarandi atriði hafa komið fram í rannsóknum Rannsókna og greiningar á liðnum árum (sjá einnig myndrit í afhendi):

- Þó að notkun unglinga á áfengi og fíkniefnum aukist nokkuð eftir að þeir fara úr grunnskóla í framhaldsskóla er hitt alveg ljóst að áfengis- og tóbaksnotkun meðal framhaldsskólanema hefur minnkað á undanförunum árum.
- Daglegar reykingar 16-20 ára nemenda minnkuðu úr 21% þeirra árið 2000 í 5% árið 2016.
- Á sama tímabili hefur áfengisnotkun þessa aldurshóps dregist verulega saman. Árið 2000 höfðu 64% 16-20 ára nemenda í framhaldsskólum orðið ölvaðir sl. 30 daga. Árið 2016 var þessi neysla komin niður í 38%. Markvert er að unglingar í framhaldsskólum drekka nú mun minna heldur en elstu krakkar í grunnskólum gerðu árið 1998 (eða 25% nú á móti 42% þá).
- Á árunum 2000-2016 fjölgar þeim framhaldsskólanemum sem aldrei hafa orðið drukknir úr 18% í 46%.
- Sumir halda að meðan notkun áfengis og tóbaks dregst saman hljóti notkun annarra efna að aukast að sama skapi; en rannsóknir benda ekki til þess. Þeir framhaldsskólanemar sem höfðu einhvern tíma prófað kannabis voru 23% nemenda árið 2000, 20% þrem árum síðar og 18% árið 2016.

2. október 2017

Nánari upplýsingar veita Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir, verkefnisstjóri Forvarnardagsins (863 3631), skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).

- *Staður:* Kelduskóli – Vík, Hamravík 12 (stutt frá Egilshöll), 112 Reykjavík.
- *Stund:* Mánudaginn 2. október kl. 10:30.